


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í apríl og maí 2009

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 8. júní 2009

Akureyri. Í ár hófust frjómælingar 20. apríl á Akureyri en vegna gangtruflana glötuðust þó gögn fjóra daga í fyrstu mæliviku. Þann 29. apríl mældust fyrstu frjókornin og síðan hafa frjókorn verið í lofti á Akureyri alla daga að undanskildum 4. maí. *Alaskaöspin* byrjaði að dreifa frjókornum 2. maí, tveimur vikum fyrr en vorið 2008. Frjódreifing var þó slitrótt í byrjun enda bæði kalt og vætusamt í fyrstu viku maí nyrðra. Asparfrjó voru samfelld í lofti frá 12. til 26. maí en frjótölur urðu aldrei háar fór hæst í 37 þann 16. maí (sjá myndrit). Heildarfjöldi asparfrjóa varð 134 sem er vel í meðallagi. *Birkifrjó* mældist fyrst í lok apríl og aftur 11. maí en samfelld mældust þau fyrst upp úr 20. maí. Á fjórða degi tímabilsins var frjótalan komin yfir eitt hundrað. Hámarkið varð 28. maí þegar 154 frjó mældust á einum sólarhring. Birkifrjó hafa verið samfelld í lofti frá 20. maí (sjá myndrit). Heildarfjöldinn er kominn í 710 sem er yfir meðallagi þrátt fyrir að tímabili birkifrjóa sé enn ekki lokið á Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í maí reyndist 940 frjó/m³, hafa aldrei verið fleiri, en meðalfjöldinn þau ellefu ár sem mælt hefur verið á Akureyri er 358 frjó/m³.




Myndritið sýnir asparfrjó (brúnar súlur), birkifrjó (dökkgrænar súlur) og öll frjó (lína). Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu (meðalfjöldi í rúmmetra á sólarhring).



Grasfrjó mælast sjaldan í maí á Akureyri og þar er maí 2009 engin undantekning, eitt grasfrjó mældist 9. maí trúlega langt að borið. Af öðrum frjógerðum en þeim sem taldar eru upp vegna ofnæmisáhrifa á fólk reyndust frjó af víði og lyngætt algengastar.

Reykjavík. Frjómagn í Reykjavík í apríl og maí losaði 700 frjó/m³ sem er nokkru yfir meðallagi en töluvert minna en mældist í fyrra. Asparfrjó voru yfir meðallagi (190 frjó/m³) en þó mun færri en í fyrra. Frjótalan fór hæst í 62 þann 16. maí (sjá myndrit). *Aspartíminn* var í hámarki þegar frjótími birkis hófst. *Birkitíminn* hefur staðið yfir í þrjár vikur, hófst 17. maí og honum er væntanlega lokið nú í byrjun annarrar viku júní. Heildarfjöldi birkifrjóa (336 frjó/m³) er talsvert undir meðallagi. Frjótalan fór aldrei yfir 100 á frjótímabilinu, fór í 36 19. maí og í 37 þann 28. (sjá myndrit).



Myndritið sýnir asparfrjó (brúnar súlur), birkifrjó (dökkgrænar súlur), súrufrjó (rauðar súlur) grasfrjó (ljósgrænar súlur) og öll frjó (lína). Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu (meðalfjöldi í rúmmetra á sólarhring).

Grasfrjó mældust einu sinni í maí, en samfelld frá 3. júní. Frjótala grasa er enn lág. Sama er að segja um *súrufrjó* þau mælast enn stopult. Í báðum hópum, þ.e. meðal tegunda af grasætt og af súruættkvísl, er að finna tegundir sem valda ofnæmi, þó er mun algengara að grasfrjó valdi ofnæmi. Í hópi frjókorna annarra frjógerða en þeirra sem tíundaðar eru vegna ofnæmisáhrifa á fólk bar mest á frjókornum af víði- og lyngætt og gróum elftingar í maí í ár.

Framundan er frjótími grasa, túnsúru og hundasúru. Í júní eru frjótölur oftast lágar en geta farið yfir 10 þegar kemur fram í miðjan mánuðinn. Á stöðum þar sem gras er látið óslegið og það fær að blómgast og vaxa úr sér verða frjótölur þó mun hærrí. Á Íslandi er grasofnæmi algengasta frjóofnæmið.

Frjótölur birtast á síðu 169 í textavarpi RÚV. Einnig má skoða frjótölur á vef Morgunblaðsins, <http://www.mbl.is/mm/frettir/vedur/pollen.html> Frjótölur birki- og grasfrjóa birtast á vef NÍ <http://www.ni.is/grodur/frjomaelingar/frjomaelingar2009/> sem súlur á myndriti jafnóðum og tölur liggja fyrir. Þar má sjá hvernig sumarið í ár kemur út m.t.t. frjómælinga fyrri ára.

Reykjavík 8. júní 2009

Margrét Hallsdóttir
netfang mh (hjá) ni.is

